

Fréttabréf



FRÉTTABRÉF LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA RÍKISINS OG LÍFEYRISSJÓÐS HJÚKRUNARFRÆÐINGA



Erfitt ár að baki

Erfiðleikar á fjármálamörkuðum, bæði innanlands og utan, höfðu mikil áhrif á afkomu LSR og LH á árinu 2008. Fall íslensku viðskiptabankanna í október vó þar þyngst en í kjölfarið lentu einnig mörg fyrirtæki í erfiðleikum. Það hafði aftur áhrif á gengi hlutabréfa og verðmæti ýmissa skuldabréfa í eigu sjóðsins. Þá gerði veiking krónunnar mörgum fyrirtækjum erfitt fyrir. Erlendir markaðir voru einnig óhagstæðir á árinu 2008 og lækkaði heimsvísitala hlutabréfa um rúmlega 40%. Allt hafði þetta áhrif á eignir LSR og árið verður að teljast hið erfiðasta í sögu sjóðsins.

Hjá LSR og LH hefur rík áhersla verið lögð á áhættudreifingu. Við fjárfestingar hefur verið gætt að því að dreifa áhættu á ólíka eignaflokkum

og mismunandi markaðssvæði. Á undanförmum árum hefur það skilað góðum árangri. Fjármálakreppan hefur hins vegar haft áhrif á alla eignaflokka í öllum heimshlutum.

Vegið meðaltal nafnávöxtunar allra deilda LSR á árinu 2008 var neikvætt um 13%. Ávöxtun inneignar sjóðfélaga í séreign sjóðsins var mismunandi eftir fjárfestingarleiðum. Sú leið sem skilaði lakastrí ávöxtun var neikvæð um 15,8% á meðan sú leið sem best gekk skilaði jákvæðri ávöxtun upp á 25,8%. Hafa ber í huga að lífeyrissparnaður er langtímasparnaður og í uppbyggingu lífeyrissjóða er miðað við að þeir skili að jafnaði 3,5% ávöxtun umfram vísitölu neysluverðs. Þegar lítið er til langs tíma er ávöxtun sjóðsins umfram þetta viðmið.

Séð yfir Langasjó

Eignir LSR og LH

Um síðustu áramót voru sam-
anlagðar eignir LSR og Lífeyrissjóðs
hjúkrunarfræðinga (LH) 306 milljarð-
ar króna og höfðu þær lækkað um
10% frá árinu á undan. Eignir LSR
voru tæpir 287 milljarðar og eignir
LH nálægt 20 milljörðum.

Eignir LSR og LH hafa aukist mikið á
undanförmum árum en fyrir 10 árum,
eða í árslok 1998, voru þær 44 millj-
aðar. Um síðustu áramót voru eignir
lífeyrissjóðanna lítið eitt hærrí en
þær voru í árslok 2006. Það má því
segja að erfiðleikar á fjármálamörk-
uðum hafa fært eignauppbyggingu
hjá sjóðunum aftur um tvö ár.

Til að átta sig á því höggi sem líf-
eyrissjóðirnir urðu fyrir á síðasta ári
er eðlilegt að setja það í samhengi
við ávöxtun árána á undan. Sem
dæmi má nefna að tekjur af fjárfest-
ingum árið 2006 voru hærrí fjárhæð
en sem nemur tapinu á árinu 2008.
Þegar árin 2003 til 2006 eru skoðuð
og tekjur af fjárfestingum hvers árs
fyrir sig eru reiknaðar til verðlags í
lok árs 2008, kemur í ljós að árlegur
meðalhagnaður á þessum árum var
svipuð fjárhæð og tapið á síðasta
ári.

Úrræði vegna sjóðfélagalána LSR

Lántakendum LSR lána, sem lenda í fjárhags-
legum þrengingum, bjóðast nú ýmis úrræði til
að bregðast við greiðsluferfiðleikum. LSR lán-
um má skilmálabreyta með lengingu lánstíma
og fjölgun eða fækkun gjaldþaga á ári. Heild-
arlánstími LSR lána getur verið allt að 40 árum
og fjöldi gjaldþaga frá 2 upp í 12 á ári. Að auki
er boðið upp á greiðslujöfnun lána en þá er
ný vísitala, svonefnd greiðslujöfnunarvísitala,
notuð við útreikning greiðslumarks lána. Hún
er samansett af launavísitölu sem er vegin með
atvinnustigi sama mánaðar. Einnig er heimilt
að veita lántakendum frestun á afborgunum
lána í heild eða að hluta í tiltekinn tíma. Þeim
greiðslum, sem hefði átt að inna af hendi á

tímabilinu, samkvæmt upprunalegum skil-
málum, er þá bætt við höfuðstól lánsins.

Mikilvægt er að leita fljótt ráða vegna greiðslu-
vanda áður en vanskil verða veruleg. Hægt er
að semja um uppgreiðslu vanskila á tilteknum
tíma eða um uppgreiðslu vanskila að hluta og
að eftirstöðvar þeirra verði lagðar við höfuð-
stól lánsins. Frekari upplýsingar gefa fulltrúar
lánadeildar LSR í síma 510-6100.

Einnig aðstoðar Ráðgjafarstofa um fjármál
heimilanna þá sem eiga í verulegum greiðslu-
erfiðleikum við að fá yfirsýn yfir stöðu mála,
við gerð greiðsluáætlana og við val á úrræði.
Stofnunin hefur einnig milligöngu um samn-
inga við lánadrottna ef þess er þörf.

Aukin þjónusta á sjóðfélagavef LSR

Með aukinni tækni hafa sjóðfélagar fengið stórauðinn aðgang að upplýsingum. Á heimasíðu sjóðsins www.lsr.is má finna sjóðfélagavef LSR þar sem lífeyrisþegar geta sótt launaseðla sína og sjóðfélagar geta skoðað yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur og réttindi sín hjá sjóðnum. Þar má einnig finna reiknivélar sem sækja upplýsingar í gagnagrunn sjóðsins. Þær sýna nánari upplýsingar um lífeyrisréttindi og áætla lífeyrisgreiðslur út frá gefnum forsendum. Vefurinn er opinn öllum sem hafa greitt iðgjald til LSR eða LH en við innskráningu þarf virkt notendanafn og lykilorð. Það er auðvelt að sækja um aðgang að sjóðfélagavef LSR með því að hringja í síma 510-6100 eða senda netpóst á adgangur@lsr.is. Þeir, sem greiddu iðgjöld til LSR eða LH á síðasta ári og hafa ekki virkan aðgang að sjóðfélagavefnum, fá nú send lykilorð með ársyfirlitum sínum.



www.lsr.is

Á heimasíðu LSR og LH, www.lsr.is, má nálgast lög og samþykktir sjóðanna, lánareglur, ítarlegar upplýsingar um starfsemi sjóðanna og réttindi sjóðfélaga. Þar má einnig finna reiknivélar sem áætla lífeyrisgreiðslur úr A-deild, útgreiðslu séreignarsparnaðar og greiðslu-byrði lána.

Varfærni í fjárfestingum

Viðtal við Baldur Þór Vilhjálmsson

Baldur Þór Vilhjálmsson kom til starfa hjá LSR árið 2007 og hefur verið forstöðumaður eignastýringar frá því í september sama ár. Hann svarar hér nokkrum spurningum sem lúta að eignastýringu LSR.

LSR fylgir varfærinni fjárfestingarstefnu. Hvað þýðir það í raun?

LSR leggur mikla áherslu á áhættudreifingu í eignasafninu. Fjárfestingarráð sjóðsins, sem samanstendur af starfsfólki og stjórnarmeðlimum, hefur mótað skýra fjárfestingarstefnu sem er endurskoðuð árlega af stjórn sjóðsins. Innlendar eignir LSR eru um 70% af heildareignum, þar af eru ríkisskuldabréf og sjóðfélagalán stærstu eignaflokkarnir ásamt skuldabréfum á fyrirtæki og sveitarfélög. Áhersla er lögð á vel dreift eignasafn og fyrir fall bankanna samanstóð skuldabréfasafnið af rúmlega 230 flokkum skuldabréfa gefin út af tæplega 100 útgefendum. Innlenda hlutabréfasafnið tók mið af úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands, með yfir- og undirvið einstakra félaga. Erlendum eignum LSR, sem eru um 30% heildareigna, er dreift á yfir 40 lönd, að stærstum hluta í Evrópu og Bandaríkjunum en þó einnig í Asíulöndum. Þessar fjárfestingar eru bundnar í verðbréfasjóðum og dreifast á hundruð fyrirtækja vítt og breitt um heiminn. Allar ákvarðanir er varða fjárfestingar eru kynntar fyrir fjárfestingarráði sjóðsins og nýfjárfestingar og stærri fjárfestingar fara fyrir stjórn sjóðsins.

Hvernig hefur fjármálakreppan haft áhrif á afkomu LSR? Hvernig er staðan hjá LSR miðað við aðra sjóði?

Undanfarin ár hefur ávöxtun LSR verið góð en erfiðleikar á fjármálamörkuðum, bæði innanlands og utan, höfðu mikil áhrif á afkomu sjóðsins á árinu 2008. Nafnávöxtun LSR var neikvæð um 13% á síðasta ári og er sú útkoma í takt við innlenda sjóði af svipaðri stærðargræðu. Þó er t.d. tap af eignum á síðastliðnu ári minna en sá hagnaður sem varð af eignum á árinu 2006. Þá voru heildareignir LSR í árslok 2008 svipaðar og þær voru í lok árs 2006. Hvað eignastöðu varðar höfum við færst aftur um tvö ár. Síðasta ár var sjóðnum erfitt eins og öðrum lífeyrissjóðum. Norski Ólíusjóðurinn skilaði t.d. neikvæðri nafnávöxtun upp á 24% og meðalávöxtun lífeyrissjóða innan OECD ríkja var neikvæð sem nemur 19% á fyrstu 10 mánuðum ársins. Í ljósi þessa er ekki óeðlilegt að illa ári hjá íslenskum lífeyrissjóðum.

Heyrst hafa raddir þess efnis að raunveruleg staða lífeyrissjóðanna sé verri en birtar tölur gefa til kynna. Er einhver fótur fyrir þessum efasemdum?



Við uppgjörið var farið rækilega yfir skuldabréfasafnið okkar og afskriftaþörf metin miðað við bestu upplýsingar sem fáanlegar voru á þeim tíma. Hlutabréf og víkjandi skuldabréf á bankana voru að fullu afskrifuð en auk þess voru afskriftir af hlutabréfum og víkjandi skuldabréfum á SPRON og Straum teknar inn í ársreikning fyrir árið 2008 þó svo að fall þessara banka hafi átt sér stað eftir áramótin. Þó ber að gæta þess að íslenskt efnahagslíf er að ganga í gegnum miklar umbreytingar og enn er ekki útséð með hver staða margra fyrirtækja verður.

Verðtryggð, ríkistryggð skuldabréf og sjóðfélagalán hafa verið kjölfestan í eignasafni LSR. Sker eignasamsetning LSR sig úr að einhverju leyti þegar lítið er til annarra sjóða?

Þau bréf sem hafa gefið öruggustu ávöxtunina undanfarin ár, að teknu tilliti til áhættu, eru ríkistryggð skuldabréf og sjóðfélagalán. Þau eru að auki verðtryggð. Sé lítið á hlutfall sjóðfélagalána og skuldabréfa á ríki og sveitarfélög samanlagt í árslok 2007 var þriðjungur af eignasafni LSR í þeim flokkum og það sama má segja um meðaltal annarra lífeyrissjóða. Viðbúið er, í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið á fjármálaumhverfinu við fall bankanna, að ríkisskuldabréf, sveitarfélagabréf og sjóðfélagalán munu verða helstu fjárfestingarkostirnir á næstu misserum. Erlendar fjárfestingar eru ekki neinar í augnablikinu vegna þess að sjóðirnir hafa ekki leyfi til að kaupa gjaldeyri vegna gjaldeyrishaftanna og innlendir hlutabréfamarkaður í fyrri mynd hefur svo til lagst af. Í árslok 2008 var hlutfall ríkistryggðra bréfa og sjóðfélagalána komið í tæp 45%, en þar höfðu afskriftir sjóðsins í öðrum eignaflokkum áhrif. Á árinu 2008 fóru um 75% af ráðstöfunartekjum sjóðsins í innlend skuldabréf, mest á ríki, sveitarfélög og til sjóðfélagalána.

Þótt árið í fyrra hafi verið það erfiðasta í sögu LSR má ekki gleyma því að ávallt verður að líta til lengri tíma þegar lagt er mat á tap og ávöxtun. Eftir sem áður stendur íslenska lífeyriskerfið traustum fótum og er fyllilega samanburðarhæft við það besta sem gerist hjá öðrum þjóðum.

Séreign LSR - val um þrjár leiðir

Sjóðfélagar í Séreign LSR geta valið á milli þriggja ólíkra fjárfestingarleiða, auk Sér-leiðar. Við valið er skynsamlegt að taka mið af aldri sjóðfélaga og viðhorfi til áhættu. Almenna reglan er sú að eftir því sem sjóðfélagi er yngri því meira er áhættuþol hans. Hann hefur lengri tíma til að ávaxta sparnað sinn og þolir því frekar sveiflur sem kunna að verða á hlutabréfa- og skuldabréfaverði. Sögulega séð hafa fjárfestingar í skuldabréfum verið áhættuminni en í hlutabréfum. Hins vegar hafa hlutabréf til lengri tíma litið gefið af sér hærri ávöxtun en skuldabréf. Jafnan er það svo að áhætta og ávöxtun fylgist að. Ávallt ber að hafa í huga að lífeyrissparnaður er langtímafjárfesting.

Í leið I er vægi hlutabréfa 40%, vægi skuldabréfa 40%, vægi innlána 15% og vægi annarra fjárfestinga 5%. Það þýðir að sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar. Leið I hentar þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og eru reiðubúinir að taka á sig sveiflur í ávöxtun.

Í leið II er vægi hlutabréfa 20%, vægi skuldabréfa 50%, vægi innlána 25% og vægi annarra fjárfestinga 5%.

Sveiflur í ávöxtun í leið II eru minni en í leið I og áhættan því minni. Leið II hentar þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og vilja taka miðlungsáhættu í séreignarsparnaði sínum.

Í leið III er séreignarsparnaður ávaxtaður á verðtryggðum innlánsreikningi. Þessi leið hentar einkum þeim sem eiga skammt í lífeyristöku eða þeim sem vilja taka lágmarksáhættu og lágmarka sveiflur í ávöxtun. Ávöxtun í leið III er sambærileg við ávöxtun á bankareikningi með hæstu verðtryggðu vöxtum og breytast vextirnir með almennu vaxtastigi. Séreign LSR velur hagstæðustu innlánskjör hverju sinni.

Sér-leið er hentugt sparnaðarform þar sem fjárfestingarstefna fylgir viðhorfi sjóðfélaga til áhættu. Sjóðfélagar hafa val um leið I og II framan af en inneign og iðgjöld flytjast svo yfir í leið III við 55 ára aldur. Flutningur á milli leiða á sér stað í jöfnum færslum í 36 mánuði nema sjóðfélagi óski annars.

Fjárfestingarstefna

	Erlend hlutabréf	Innlend hlutabréf	Erlend skuldabréf	Innlend skuldabréf	Aðrar fjárfestingar	Innlánsreikningur	Sveiflur í ávöxtun	Aldur í Sér-leið
Leið I	35%	5%	5%	35%	5%	15%	meiri sveiflur	54 ára og yngri
Leið II	15%	5%	5%	45%	5%	25%	minni sveiflur	54 ára og yngri
Leið III						100%	lágmarkssveiflur	55 ára og eldri

Séreign LSR



Séreign á traustum grunni



Nánari upplýsingar um séreignarsparnað er að finna á heimasíðu LSR.

Réttindi sjóðfélaga og lífeyrisskuldbindingar

Skuldbindingar B-deildar LSR hafa verið nokkuð til umræðu að undanförunu. Af því tilefni er rétt að rifja upp í nokkrum orðum muninn á A- og B-deild LSR.

LSR skiptist í A- og B-deild. A-deild sjóðsins var stofnsett 1997 og er gert ráð fyrir að hún sé fjármögnuð með iðgjöldum og ávöxtun þeirra. Þangað greiða allir nýir sjóðfélagar en tæplega 80% allra sjóðfélaga greiða nú í þá deild sjóðsins. B-deild sjóðsins, gamla réttindakerfið, er ólíkt öðrum íslenskum lífeyrissjóðum en deildinni var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum við stofnun A-deildar. B-deildin byggir að hluta til á sjóðsöfnun og að hluta til er það gegnumstreymiskerfi. Í stað þess að lífeyrisréttindi séu að fullu fjármögguð með iðgjöldum og ávöxtun þeirra, er gert ráð fyrir að launagreiðendur standi að verulegum hluta undir lífeyrisgreiðslum þegar þær falla til.

Lífeyrisréttindi sjóðfélaga í LSR eru lögbundin; þau breytast ekki eftir ástandi á fjármálamerkingum og ávöxtun sjóðsins, hvorki til hækkunar þegar vel gengur né til lækkunar þegar illa árá.

B-deild

Verulegur munur er á eignum og skuldbindingum B-deildar LSR. Það er eðlilegt þegar horft er til uppbyggingar deildarinnar. Það hefur aldrei verið við það miðað að þetta eldra réttindakerfi hjá opinberum starfsmönnum eigi eignir til að mæta öllum skuldbindingum. Þegar skuldbindingar lífeyrissjóðs eru metnar þá er reiknað í eina stærð hvað hann þarf að eiga til að mæta öllum skuldbindingum í framtíðinni. Hvað B-deild LSR varðar þá munu þessar skuldbindingar falla til á næstu 50 árum eða svo. Gegnumstreymiskerfi, eins og verið hefur við lýði hjá B-deild LSR, eru vel þekkt. Hjá mörgum þjóðum hafa lífeyrissjóðir verið byggðir upp með þeim hætti, m.a. í Mið- og Suður-Evrópu.

Þegar rætt er um skuldbindingar ríkisins vegna B-deildar LSR má ekki gleyma því að þá er einnig verið að tala um réttindi þess fólks sem starfað hefur í opinberri þjónustu á undanförunum áratugum. Lífeyrisrétturinn hefur verið órjúfanlegur

hluti af heildarkjörum þeirra og launin hafa oft á tíðum verið lægri en ella vegna góðra lífeyrisréttinda. Þá er nauðsynlegt að horfa á samhengi hlutanna. Rúmlega þriðjungur af öllum lífeyrisgreiðslum, sem á undanförunum árum hafa verið greiddar úr íslenskum lífeyrissjóðum, hefur komið frá LSR. Vegna samspils greiðslna úr lífeyrissjóðum og frá Tryggingastofnun ríkisins hafa þessar greiðslur sparað verulegar fjárhæðir í almannatryggingakerfinu og munu einnig gera það á komandi árum.

A-deild

A-deild LSR er ólík B-deild að því leyti að gert er ráð fyrir að deildin eigi á hverjum tíma eignir til að mæta skuldbindingum. Ef á vantar er gert ráð fyrir að mótframlag launagreiðenda hækki. Löggjafinn gerir þó ráð fyrir ákveðnum vikmörkum milli eigna og skuldbindinga. Staða deildarinnar er innan þeirra vikmarka sem gilda á þessu ári.

Afgreiðsla LSR að
Bankastræti 7 er opin
alla virka daga
frá 9 til 15.30.



Skipting ellilífeyrisréttinda milli hjóna

Heimilt er að skipta þegar áunnum ellilífeyrisréttindum, framtíðar ellilífeyrisréttindum og samtímagreiðslu ellilífeyris á milli hjóna eða sambúðarfólks. Kjósi sjóðfélagi að skipta þegar áunnum réttindum með maka eða fyrrverandi maka skal sú ákvörðun tekin áður en lífeyristaka hefst, en þó áður en 65 ára aldri þess eldra er náð. Skipting ellilífeyrisréttinda tekur aðeins til réttinda sem áunnin eru meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða mun standa. Skiptingin skal vera gagnkvæm og jöfn, þ. e. hvort hjóna eða sambúðarfólks skal veita hinu sama hlutfall réttinda sinna. Heimilt er að framselja til makans allt að helmingi ellilífeyrisréttindanna.

Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.
Ábyrgðarmaður: Haukur Hafsteinnsson
Umsjón: Rákel Lind Hauksdóttir
Hönnun og umbrot: Tunglið – auglýsingastofa

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 • Sími: 510 6100

Símatími 9:00–16:00
Afgreiðslutími 9:00–15:30



Bankastræti 7 • 101 Reykjavík • Sími: 510 6100
Fax: 510 6150 • lsr@lsr.is • www.lsr.is

Rýmri heimildir til útgreiðslu séreignar

Nýlega voru samþykktar breytingar á lífeyrissjóðalögum sem rýmkuðu heimildir til útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar. Eftir breytingarnar eru útborgunarheimildir sveigjanlegri og er nú heimilt að taka út inneign í séreignarsjóði í einu lagi við 60 ára aldur en áður var útgreiðslum dreift á allt að sjö ár til 67 ára aldurs. Eftir sem áður er sjóðfélögum heimilt að dreifa greiðslum á það tímabil sem hentar best. Hömlur á útgreiðslu séreignar við andát voru einnig felldar niður. Áður var útgreiðslu dreift til erfingja á sjö ára tímabil en nú er inneign laus til útborgunar í einu lagi. Þessar breytingar eru einkum hagkvæmar þegar inneign er lág fjárhæð enda nýtast slíkar greiðslur síður ef þeim er dreift á langt tímabil. Reynslan hefur einnig sýnt að það kemur erfingjum í mörgum tilvikum betur að fá séreignarsparnaðinn greiddan út í einu lagi.

Í mars var samþykkt tímabundin útgreiðsluheimild á viðbótarlífeyrissparnaði. Sjóðfélagar geta óskað eftir útgreiðslu á allt að einni milljón króna á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október

2010. Útborgun dreifist á níu mánuði frá því beiðni berst sjóðnum. Heimildin er samanlögð ein milljón óháð því hvort sparnaðurinn er hjá fleiri en einum vörsluaðila. Þessi heimild er einkum hugsuð til að koma til móts við þá sem eiga í tímabundnum fjárhagsörðugleikum en slíkt er þó ekki skilyrði. Allir eiga rétt á þessari fyrirgreiðslu en vert er að leggja áherslu á að viðbótarlífeyrissparnaður er ætlaður til að byggja upp eftirlaunasjóð því flestir taka á sig umtalsverða tekjulækkun við starfslok.

Frá og með 1. janúar sl. skerða útgreiðslur séreignarsparnaðar ekki tekjutengdar bætur sem sjóðfélagi kann að eiga rétt á frá Tryggingastofnun.

Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010 er sjóðfélögum heimilt að greiða allt að 6% viðbótariðgjald í séreignarsjóð í stað 4% áður. Sjóðfélagar geta því á þessu tímabili frestað því að greiða skatt af allt að 6% launa sinna og lagt í Séreign LSR.

Samskipti viðskiptaáðila

Í þeim þrengingum sem nú ganga yfir hefur eðlilega nokkuð verið rætt um viðskipti og viðskiptasiðferði. Einn hluti þeirrar umræðu er þátttaka starfsfólks lífeyrissjóða í boðum og ferðum á vegum banka og annarra aðila á fjármálamarkaði. Hjá LSR og LH hafa um nokkurt skeið verið í gildi reglur um samskipti starfsmanna sjóðsins og stjórnarmanna við viðskiptaáðila, um viðtöku gjafa, boð o.fl. Í þeim er kveðið á um að starfsmenn og stjórnarmenn sjóðsins skuli leitast við að koma í veg fyrir hagsmunaaðreka og að boð, af hvaða tagi sem er, hafi áhrif á ákvarðanatöku þeirra. Auk framangreindra reglna eru almennar reglur um þátttöku starfsmanna í verðbréfavíð-

skiptum sem taka á árekstrum milli verðbréfavíðskipta starfsmanna og lífeyrissjóðanna. Þessum reglum LSR og LH hefur verið fylgt í nokkur ár og þær endurskoðaðar reglulega.

LSR og LH hafa markað sér stefnu hvað varðar ábyrgar fjárfestingar en um hana má lesa á heimasíðu sjóðanna (www.lsr.is).

LSR og LH hafa einnig tekið þátt í samstarfi á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða þar sem fjallað er um mótun samskipta og siðareglna fyrir lífeyrissjóði almennt.